



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á fullveldisfagnaði
í Hörpu, Reykjavík
1. desember 2018**

Yðar hátign,
hátíðargestir,
kæru landsmenn!

Til hamingju með daginn. Það var fyrir réttum hundrað árum að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Þá náðist einn veigamesti áfanginn í sjálfstæðissögu þjóðarinnar. Þá urðu þáttaskil. Hverfum um stund út á blettinn fyrir framan Stjórnarráðshúsið, hér steinsnar frá Hörpu, hverfum öld aftur í tímann: „Íslendingar!“ segir Sigurður Eggerz um hádegisbil (settur forsætisráðherra því Jón Magnússon forsætisráðherra er úti í Danmörku á fundi með konungi). „Íslendingar! Hans hátign konungurinn hefir staðfest sambandslögin í gær og í dag ganga þau í gildi. ... Gifta lands vors og konungs vors fylgi fána vorum,“ segir ráðherrann að lokum.

Í sömu andrá er fáni hins nýja ríkis dreginn að hún í fyrsta sinn, hægt og hátíðlega, á Stjórnarráðshúsinu sem hafði verið reist sem tugthús einni og hálfri öld fyrr.

Fullveldi er fagnað. Að kvöldi spásstrar fólk um götur bæjarins. Um landið allt eru hin miklu tímamót efst í huga fólks.

Eða hvað? Hvað vitum við í raun um það? Og hvers vegna erum við að rifja upp þennan viðburð? Hvers vegna erum við að segja hvert öðru sögur af liðinni tíð? Að hvaða gagni kemur það?

Kæru vinir, kæru landar: Við vitum reyndar fyrir víst að margir fylltust bjartsýni fyrir hundrað árum. „Ég er glöð yfir þessum degi,“ skrifaði Elka Björnsdóttir í dagbók sína að kvöldi – og bætti við: „Ég hélt okkur tyllidag, meðal annars á baunum og feitu kjöti í dag, fullveldisdaginn, þó það nú væri.“ En svo skrifaði hún líka: „Sumir eru tortryggir.“ Hvað myndi hið nýfengna fullveldi færa fólkinu í landinu? Elka var verkakona. Hennar strit héldi óbreytt

áfram, án vona um menntun, frama og líf skjör í líkingu við hina fámennu stétt efna fólks.

Við skulum ekki segja hvert öðru falssögur. Segjum sögur af fátæku fólki, ágreiningi, misrétti og spillingu. En gleymum því samt ekki að fullveldið færði vonir um betri heim og betra samfélag. Þá sögu eigum við líka að segja, söguna af órækum framförum þótt enn sé verk að vinna, söguna af samstöðu um grundvallargildi og grundvallarmarkmið.

Og hver eru þau? Að fólk njóti hér frelsis og fullra mannréttinda, jafnréttis og jafnra tækifæra; að við leyfum fólki að spreyta sig, skara fram úr ef svo ber undir og njóta ávaxta eigin erfiðis, en að þeim sé hjálpað sem eru hjálpar þurfi og allir taki þátt í þeirri samfélagsskyldu eins og efni og aðstæður leyfa; að við sýnum hvert öðru heilindi og virðingu; að við nýtum landsins gæði en ekki þannig að spjöll hljótist af sem aldrei verða bætt; að við eflum okkar fullveldi en höldum líka áfram að deila því með öðrum, eftir okkar eigin óskum og þörfum; að í brjóstum okkar megi bærast heilbrigð ættjarðarást en að við höfnum oflæti og drambi, andúð og fjandskap í annarra garð; að við tökum vel á móti þeim sem hingað flytja og vilja auðga okkar fjölbreytta samfélag; að við eigum ein lög en leyfum marga siði, siði sem lúti þó ætíð réttinum.

Já, við verðum, ágætu landsmenn, að eiga sameiginleg gildi og markmið. „Fólk sem aldrei lyftir neinu í samtaki, verður aldrei þjóð,“ sagði Kjarval eitt sinn. Við Íslendingar eigum okkar menningararf og tungu sem efla þarf og verja en njótum líka áfram öflugra áhrifa að utan, njótum þess að ferðast og fræðast. Nelson Mandela sagði að á hans tungu væri til orðtak: „Ndiwelimilambo enamagama“, „ég hef farið yfir nafnkunn fljót“. Er þá vísað til þess sem þorði að kanna nýjar lendur, gerði víðreist og eflaðist að vísu, og þetta skiljum við einnig vel hér heima. „Höfum ekki asklok fyrir himin,“ segjum við á íslensku.

Góðir áheyrendur! Senn líður að lokum þessa afmælisárs okkar. Ég þakka öllum þeim sem hafa komið að viðburðum víða um land, stórum sem smáum. Ég þakka því frábæra listafólki sem fram kemur á þessari kvöldstund. Á hátíðarfundum á Þingvöllum í sumar las ég ættjarðarljóð Ingibjargar Haraldsdóttur. Kannski fór það fyrir ofan garð og neðan en kvæðið er svo gott, einlægt og satt að ég flyt það aftur hér, með kærri kveðju til ykkar allra, yðar hátign, góðu gestir, ágætu landar:

Ég segi þér ekkert um landið
ég syng engin ættjarðarljóð
um hellana, fossana, hverina
ærnar og kýrnar
um baráttu fólksins
og barning í válegum veðrum

nei. En stattu við hlið mér
í myrkrinu. Andaðu djúpt
og finndu það streyma

segðu svo:
Hér á ég heima.

Já, hér eigum við heima, góðir Íslendingar, og hér hefur sögu okkar undið fram. Segjum hana í öllum sínum blæbrigðum og fögnum framtíðinni með öllum sínum áskorunum. Verum glöð yfir þessum degi, fullveldisdegi, eins og landar okkar svo margir voru fyrir heilli öld. Þakka ykkur fyrir.